

Fundur í skólaráði Höfðaskóla, 24.5. 2019

Mætt: Fulltrúi kennara *Finnbogi Guðmundsson*, fulltrúi foreldra *Aðalheiður Sif Árnadóttir* og *Jón Ólafur Sigurjónsson*, fulltrúar nemenda *Magnús Sólberg Baldursson* og *Ingólfur E Björnsson*, fulltrúi nærsamfélags *Bryndís Valbjarnardóttir*, fulltrúi annarra starfsmanna *Helena Rán Þorstdóttir* og skólastjórnendur *Guðjón Sigurðsson* og *Vera Ósk Valgarðsdóttir*. *Inga Jóna Sveinsdóttir*, fulltrúi kennara og *Helenda Rán*, fulltrúi annarra starfsmanna voru forfallaðar.

1. **Skóladagatal** næsta skólaárs lagt fyrir til umfjöllunar. Reiknað er með að kennarar komi í haust til starfa 19. ágúst. Skólasetning 26. 8. Fljótlega í ágúst verður sameiginlegt námskeið skólanna í Húnavatnssýslum. Sameiginlegir starfsdagar fyrir og eftir skólasetningu og skólaslit eru átta, aðrir fimm starfsdagar dreifast yfir skólaárið. Verðum með 175 nemendadaga og vinnum upp þá daga með lengri skóladegi en viðmiðunarstundaskrá segir til um. Skóladagatalið var samþykkt.
2. **Starfið í vetur**. Skólastjóri fór yfir starfið í vetur og nefndi m.a. sundkennslu sem var með breyttu formi í vetur í tilraunaskyni. Í stað sundkennslu eingöngu haust og vor var farið í að kenna sund allan veturinn. Hver nemandi fékk eina sundkennslustund á viku og var hreppsbillinn notaður til að flytja nemendur til og frá sundlaug. Fulltrúar nemenda í skólaráði sögðust vera sáttir við þessa breytingu. Einnig fór skólastjóri yfir atriði eins og árshátíð og leiklist, endurmenntun kennara o.fl.
3. **Næsti vetur**. Mannabreytingar eru í farvatninu næsta vetur. Nýr skólastjóri tekur við 1.ágúst. Dagný Rósa fer í námsleyfi og Sonja Dröfn hefur sagt starfi sínu lausu. Tveir kennarar fara inn í stjórnunarteymið, þ.e. Sara Diljá sem skólastjóri og Guðrún Elsa sem aðstoðarskólastjóri. Umsóknarfrestur um kennarastöður er til 24.5. Varðandi endurmenntun kennara næsta vetur, þá mun hún snúast m.a. um eflingu valgreina á unglingsstigi.
4. **Önnur mál**. Eitt mál kom fram undir þessum dagskrárliði en það varðar sparkvöllinn á lóð skólans. Skólaráð skorar á sveitarstjórn að koma sparkvöllinum í viðunandi horf. Eins og stendur þá er hann með öllu óviðunandi og löngu kominn tími til að skipta undirlagi út enda er völlurinn frá 2005.

Fundi slitið kl. 9

Vera Ósk Valgarðsdóttir